

- b. Með sérstöku framlagi í fjögur ár, frá sameiningarári að telja, sem nemi skerðingu þeirri sem kann að hafa orðið á tekjujöfnunar- og þjónustuframlagi í kjölfar sameiningar, sbr. 5. tölulið.

2. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sérstakt framlag skv. 6. tölulið greiðist aðeins til þeirra sveitarfélaga þar sem sameiningin hefur tekið gildi 1. janúar 2001 og síðar.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 98. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 2001.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur er taki gildi 1. nóvember 2001.

Frá og með 1. nóvember 2001 verður gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 555 18. október 1996, með áorðnum breytingum, sem hér segir:

1. Notendagjöld:	kr.
Orkugjald Dalvík	36,38 pr. m ³
Orkugjald Árskógsströnd	53,85 pr. m ³
Mælagjald	13,07 pr. dag
Lokunargjald	2.500,00
2. Tengigjöld:	
Lágmarksgjald að 400 m ³	129.535,00
Gjald fyrir hús umfram 400 m ³	163,00

Umhverfisráð samþykkir að þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m³ af heitu vatni verði veittur 30% afsláttur af því magni sem er umfram 25.000 m³ á hvern máli.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. október 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.